

**233. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 29. október 2024 og hófst hann kl. 16:30.**

**Fundinn sátu:**

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Aníta Eir Einarsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir deildarstjóri farsældarþjónustu fullorðinna og Sólveig Sigurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna.

**Fundargerð ritaði:** Hildigunnur Árnadóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028**

Umfjöllun um fjárhagsáætlun 2025.

*Kristjana H. Ólafsdóttir fjármálastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið.*

**2. 2410121 - Umbætur í rekstri á velferðar- og mannréttindasviði**

Tillaga sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs lögð fram um aðkomu KPMG að frekari umbótum í rekstri og þjónustu á velferðar- og mannréttindasviði.

*Velferðar- og mannréttindaráð styður tillögu sviðsstjóra um aðkomu KPMG að markvissum úrbótum í rekstri á sviðinu.*

**3. 2401211 - Akstursþjónusta Akraneskaupstaðar 2024**

Akstursþjónusta hjá Akraneskaupstað - Endurskoðun fyrirkomulags.

*Þann 17. september sl. fór velferðar- og mannréttindaráð yfir minnisblað sviðsstjóra og framkvæmdastjóra Höfða um stöðu akstursþjónustunnar.*

*Ráðið felur sviðsstjóra að hefja undirbúning útboðs og afla tilboðs í gerð útboðsgagna.*

*Málinu vísað til bæjarráðs til afgreiðslu.*

**4. 2410131 - Þróunarstyrkur í samræmdri móttöku flóttafólks**

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið hefur auglýst eftir styrkjum frá sveitarfélögum, með samning um móttöku flóttafólks, til þróunarverkefna.

Verkefnastjóri farsæls frístundastarfs hefur tekið saman tillögu að verkefni sem lögð er fram til umræðu og staðfestingar í velferðar- og mannréttindaráði.

*Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir að sótt verði um styrk vegna þróunarverkefnisins og lýsir ánægju sinni með vandaða framsetningu á spennandi verkefni.*

KHS

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15.**

Kristinn H. Sveinsson

Arieta Eir Einarsson

Einar Brandsson

Hilgammanna Arna Gíttiv  
Sveinborg Kristjánsson

Selweg Sigurðardóttir